

Ungmennasamband Borgarfjarðar



**Ársskýrsla
2023**



Aðildarfélag

og formenn félaga við árslok 2023

Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar
Formaður: Unnur Jónsdóttir



Ungmennafélagið Íslendingur
Formaður: Kristján Guðmundsson



Golfklúbbur Borgarness
Formaður: Ingvi Árnason



Ungmennafélag Reykdæla
Formaður: Ingi Þór Magnússon



Golfklúbburinn Glanni
Formaður: Snorri Þórðarson



Ungmennafélagið Skallagrímur
Formaður: Sigríður G. Bjarnadóttir



Hestamannafélagið Borgfirðingur
Formaður: Eyþór Gíslason



Hjólfélag Vesturlands
Formaður: Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir

Formaður badmintondeildar:
Hulda Geirsdóttir
Formaður knattspyrnudeildar:
Páll S. Brynjarsson
Formaður körfuknattleiksdeildar:
Sigríður G. Bjarnadóttir
Formaður leikdeildar:
Bjarni Freyr Gunnarsson
Formaður sunddeildar:
Heiðrún Helga Bjarnadóttir

Ungmennafélagið Björn Hítðælakappi
Formaður: Sigurjón Helgason



Ungmennafélag Stafholtstungna
Formaður: Ólafur Daði Birgisson



Ungmennafélagið Dagrenning
Formaður: Sigurborg Hanna Sigurðardóttir



**Ungmenna- og íþróttafélag
Hvalfjarðarsveitar**
Formaður: Magnús Már Haraldsson

Efnisyfirlit

Formáli sambandsstjóra	4
Stjórn Ungmennasambands Borgarfjarðar 2023 – 2024.....	5
Þingfulltrúar	6
Starfsemi UMSB.....	7
101. sambandsþing UMSB	8
Stjórnarfundir UMSB.....	13
Formannafundir	13
76. íþróttþing ÍSÍ	14
Vorfundur UMFÍ	15
Ungt fólk og lýðræði	16
Be active – íþróttavika Evrópu.....	17
53. sambandsþing UMFÍ.....	19
Formannafundur ÍSÍ	20
Aðrir viðburðir	20
Samstaða um eflingu íþróttastarfs á landinu	22
Styrkúthlutanir	24
Lottóúthlutanir.....	24
Starfsstyrkir	25
Bókhaldsstyrkir	25
Ferðastyrkir	26
Afrekssjóður UMSB	27
Íþróttamanneskja Borgarfjarðar	28
Hvatningarverðlaun UMSB	35
Viðurkenningar	37
Stjórn UMSB 1912 – 2024	39
Íþróttamanneskja Borgarfjarðar 1980 – 2023	44
Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar	46

Formáli sambandsstjóra

Ágætu félagar.

Nú er ég búin að vera sambandsstjóri UMSB í eitt ár. Þetta er búið að vera skemmtilegt ár og nóg af verkefnum.

Ég vil byrja á því að þakka okkar dugmiklu sjálfboðaliðum fyrir vel unnin störf.

Hjá sambandsaðilum eru í boði fyrir börn og unglinga að æfa sjö íþróttagreinar og hafinn er undirbúningur fyrir tvær til viðbótar. Það er fleira gert innan sambandsins en að stunda íþróttir, ég fór til að mynda á hagyrðingakvöld hjá Dagrenningu, þorablót hjá Reykdælum og leiksýningu hjá leikdeild Skallagríms svo eitthvað sé nefnt. Íþróttafélögin og ungmennafélögin gegna þannig ólíkum en mikilvægum hlutverkum í samfélaginu.

Miklar breytingar hafa orðið á starfsemi UMFÍ og þar af leiðandi ungmennasamböndum almennt. Ekki eru lengur haldin Landsmót þar sem ungmennafélög keppa undir merkjum héraðssambanda, þar af leiðandi er til dæmis í dag keppt í frjálsum íþróttum undir merki Frjálsíþróttafélags Borgarfjarðar en ekki UMSB. UMFÍ stendur fyrir landsmóti 50 plús og unglingalandsmóti þar sem aðal áhersla er lögð á uppbyggilega samveru og skemmtun frekar en keppni, þó að það sé auðvitað hluti af því líka.

Framundan er stórt verkefni sem er unglingalandsmót UMFÍ, UMSB og Borgarbyggðar. Undirbúningur er hafinn og búið að manna þó nokkra pósta. Við erum svo heppin að hafa mjög öfluga sjálfboðaliða innan okkar raða en okkur vantar þó enn tvo keppnisstjóra og þá þurfum við að finna sem fyrst. Vil ég hvetja ykkur til að leggja okkur lið og hjálpa til við þetta skemmtilega verkefni sem við leysum að sjálfsögðu með sóma en til þess þurfum við ykkar hjálp, við erum öll UMSB.

Að lokum vil ég þakka stjórn UMSB og framkvæmdastjóra fyrir góða samvinnu.

Guðrún Hildur Þórðardóttir

Sambandsstjóri UMSB

Stjórn Ungmennasambands Borgarfjarðar 2023 – 2024

Sambandsstjóri	Guðrún Hildur Þórðardóttir
Varasambandsstjóri	Ólafur Daði Birgisson
Vara varasambandsstjóri	Thelma Harðardóttir
Gjaldkeri	Sölvi G. Gylfason
Varagjaldkeri	Eyjólfur Kristinn Örnólfsson
Ritari	Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir
Vararitari	Ástríður Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi	Elisabeth Ýr Mosbech Egilsdóttir
Vara meðstjórnandi	Þórhildur María Kristinsdóttir

Starfsfólk UMSB

Framkvæmdastjóri	Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir
------------------	---------------------------------



Þingfulltrúar

Aðildarfélag	Fjöldi félagsmanna skv. skilakerfi ÍSÍ/UMFÍ	Þingfulltrúar
Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar	11	1
Golfklúbbur Borgarness	284	3
Golfklúbburinn Glanni	66	1
Hmf. Borgfirðingur	435	5
Hjólreiðafélag Vesturlands	38	1
Umf. Björn Hítðalakappi	60	1
Umf. Dagrenning	57	1
Umf. Íslendingur	312	4
Umf. Reykdæla	116	2
Umf. Skallagrímur	1814	13
Umf. Stafholtstungna	166	2
Ungm. og íþr.félag		
Hvalfjarðarsveitar	0	0
Samtals	3359	34

Úr 12. grein laga um sambandsþing

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á sambandsþing. Fulltrúafjöldinn miðast við einn fulltrúa á hverja byrjaða 100 skattskylda félaga við undangengin áramót að 1000 félögum en einn fulltrúa fyrir hverja 200 félaga þar fyrir ofan. Formenn aðildarfélaganna (eða staðgenglar þeirra) eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna félaga.

Atkvæðisrétt á sambandsþing hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum atkvæðagreiðslna nema um lagabreytingu sé að ræða

Starfsemi UMSB

Um mitt sumar 2023 flutti skrifstofa UMSB í ráðhúsið sem staðsett er að Digranesgötu 2. Standa vonir til að með því muni boðleiðir á milli UMSB og Borgarbyggðar stytast og samtalið þannig aukast. Þar sem starfssemi héraðssambanda hefur breyst mikið síðustu ár hefur UMSB gengið í gegnum töluvert mótunarferli upp á síðkastið. Það er því orðið tímabært að taka upp samtal við Borgarbyggð varðandi nýjan samning út frá breyttum forsendum, er stefnt að því að byrja á þeirri á næstu mánuðum.

Það er þó annað stórt verkefni framundan sem verður í forgangi fyrst um sinn en Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2024. Það er mikilvægt að öll aðildarfélög og deildir innan UMSB, ásamt sveitarfélögunum á sambandssvæði taki þátt í að umgjörð og framkvæmd mótsins verði sem best.

Eins og fram kom að ofan hefur starfsemi héraðssambanda breyst mikið síðustu ár og í dag snýst starfið að mestu leyti stjórnsýslulega þætti íþrótt- og ungmennafélaga. Samkvæmt 6. kafla, 46.2 grein íþróttalaga ÍSÍ segir um hlutverk héraðssambanda/íþróttabandalaga:

- a) Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð, er stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- b) Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- c) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt í því skyni.
- d) Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- e) Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
- f) Að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarfélaga og halda utan um staðfest lög félaga og skila yfirliti til ÍSÍ yfir lög aðildarfélaga í lok hvers árs.
- g) Að tilkynna ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.
- h) Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Í því skyni skal héraðssamband/íþróttabandalag hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum aðildarfélaga/sérráða sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalags tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags/sérráðs. Aðildarfélag/sérráð getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda.
- i) Að tryggja góða stjórnarhætti innan héraðssambandsins/íþróttabandalagsins.

Hér á eftir verður farið yfir það helsta á árinu hjá UMSB.

101. sambandsþing UMSB

101. sambandsþing UMSB var haldið í Þinghamri þann 8. mars s.l. og sátu þar aðilar frá aðildarfélögum UMSB. Dagskrá þingsins var hefðbundin og í samræmi við lög sambandsins.

Flemming Jessen og Kristján Gíslason voru þingforsetar og Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir og Ása Erlingsdóttir ritarar.

Góðir gestir mættu á þingið og fluttu ávörp

Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri Borgarbyggðar fór yfir framkvæmdaáætlun vegna íþróttamannvirkja, Garðar Svansson kom frá ÍSÍ og flutti ávarp og kveðju frá Lárusi Blöndal, forseta ÍSÍ og Hallbera Eiríksdóttir kom frá UMFÍ, flutti ávarp og veitti heiðursmerki fyrir hönd UMFÍ.



Kristín Gunnarsdóttir hlaut Gullmerki UMFÍ en Kristín hefur verið virk innan ungmennafélagshreyfingarinnar frá barnsaldri. Hún hefur setið í stjórn UMSB og verið öflugur liðsfélagi innan ýmissa aðildarfélaga UMSB. Kristín er með héraðsdómararéttindi og hefur nær undantekningalaust staðið vaktina á þeim íþróttamótum sem haldin hafa verið í héraðinu.



Þorvaldur Jónsson, sem hlaut Hvatningarverðlaun UMSB fyrr á árinu, var sæmdur Gullmerki UMFÍ fyrir óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins og fyrir að hafa staðið vaktina í tugi ára fyrir Umf. Reykdæla.



Guðmundur Finnsson hlaut Starfsmerki UMFÍ fyrir þátttöku sína í starfi Umf. Stafholtstungna en Guðmundur hefur tekið þátt í starfi þeirra frá því að hann hafði aldur til. Einnig var hann einn af stofnendum leikdeildarinnar sem stofnuð var árið 1977 og hefur margoft tekið þátt í uppfærslum leikskýninga sem leikari, sviðsmaður og tæknimaður. Að auki hefur Guðmundur verið sýningarstjóri á öllum þeim leiksýningum sem settar hafa verið upp.



Frá vinstri: Kristín Gunnarsdóttir, Þorvaldur Jónsson, Guðmundur Finnsson og Hallbera Eiríksd



Valdi fór með eftirfarandi stöku við þetta tilefni við mikinn fögnuð þinggesta:

Þrátt fyrir lífs míns hrun og hröp

hress er ég enn og glaður.

Að endingu fyrir elliglöp

er ég nú verðlaunaður.

Stjórn UMSB vill enn og aftur þakka þeim fyrir þeirra framlag til samfélagsins í gegnum tíðina, það hefur verið algjörlega ómetanlegt.

Styrkir voru veittir úr afrekssjóði UMSB

Sjö umsóknir bárust og hlutu allir umsækjendur styrk.

Þau sem hlutu styrk voru:

Bjarki Pétursson - 175.000 krónur
Bjarni Guðmann Jónsson - 125.000 krónur
Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir - 85.000 krónur
Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir - 125.000 krónur
Kristín Eir Hauksdóttir Holaker - 85.000 krónur
Kristín Þórhallsdóttir - 175.000 krónur
Victoria Lind Kolbrúnardóttir - 85.000 krónur



Hér má sjá afrekshólkið sem hlaut styrk, frá vinstri: Bjarki Pétursson, Sigríður Bjarnadóttir f.h. Bjarna Guðmanns, Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir, Helga Jensína Svavarsdóttir f.h. Guðrúnar Karítasar, Kristín Eir Hauksdóttir Holaker, Kristín Þórhallsdóttir og Kolbrún Freyja Þórarinsdóttir f.h. Victoriu Lindar.

Skýrsla stjórnar, ársreikningur og tillögur

Á þinginu var farið yfir ársreikning, skýrslu stjórnar og tillögur og sköpuðust miklar og góðar umræður í kjölfarið.

Ber þar helst að nefna umræður um úthlutunarreglur lottótekna, breytingar á starfsemi UMSB eftir að tómstundafulltrúinn fór yfir til Borgarbyggðar og aðstaða til íþróttaiðkunar fyrir þær íþróttagreinar sem eru í boði eða vilji er til að bjóða upp á.

Guðrún Hildur nýr sambandsstjóri UMSB

Á þinginu var kosið í stjórn UMSB. Sambandsstjóri er ávallt kjörinn til árs í senn en aðrir í stjórn til tveggja ára.

Sonja Lind Estrajher Eyglóardóttir sem hafði verið sambandsstjóri í tvö ár gaf ekki áframhaldandi kost á sér sem og Rakel Guðjónsdóttir sem hafði verið meðstjórnandi frá árinu 2019.

Guðrún Hildur Þórðardóttir sem hafði verið varasambandsstjóri frá árinu 2015 var kjörin sambandsstjóri. Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir gaf áframhaldandi kost á sér sem ritari til næstu tveggja ára og Sölvi Gylfason sat áfram sem gjaldkeri eftir að hafa komið nýr inn árið 2022. Ólafur Daði Birgisson kom nýr inn í stjórn sem varasambandsstjóri til eins árs, þar sem hann tók við af Guðrúnu Hildi, og Elisabeth Ýr Mosbech Egilsdóttir kom ný inn sem meðstjórnandi. Thelma Harðardóttir var kjörin varavarasambandsstjóri, í stað Borgars Páls Bragasonar sem ákvað að gefa ekki kost á sér áfram, og Þórhildur María Kristinsdóttir sem gaf áframhaldandi kost á sér sem varamedstjórnandi. Á sínu seinna ári voru Ástríður Guðmundsdóttir vararitari og Eyjólfur Kristinn Örnólfsson varagjaldkeri.

Var nýjum sambandsstjóra og nýrri stjórn óskað til hamingju og velfarnaðar í sínum störfum.

Þinggerðir, ársskýrslur og ársreikninga UMSB má finna á heimasíðu UMSB.

Stjórnarfundir UMSB

Á 101. Sambandsþingi UMSB urðu þær breytingar á stjórn að Guðrún Hildur Þórðardóttir, sem hafði verið varasambandsstjóri frá árinu 2015 var kjörin sambandsstjóri UMSB í stað Sonju Lindar Estrajher Eyglóardóttur sem gaf ekki kost á sér áfram eftir að hafa gegnt stöðu sambandsstjóra í tvö ár. Ólafur Daði Birgisson var kjörinn varasambandsstjóri til eins ár, þar sem hann kom inn fyrir Guðrúnu Hildi sem átti eitt ár eftir. Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir gaf áframhaldandi kost á sér sem ritara til næstu tveggja ára og Elisabeth Ýr Mosbech Egilsdóttir var kjörin meðstjórnandi til tveggja ára. Sölvi G Gylfason sat áfram sem gjaldkeri á sínu öðru ári. Þá kom Thelma Dögg Harðardóttir ný inn í varastjórn sem varavarasambandsstjóri til tveggja ára.

Haldnir voru sjö stjórnarfundir á árinu auk tveggja vinnufunda stjórnar og fjögurra funda með UMFÍ vegna Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður í Borgarnesi árið 2024.

Fundargerðir allra stjórnarfunda má finna inni á heimasíðu UMSB.

Varastjórn fær fundarboð á alla fundi.

Formannafundir

Á formannafundum eru allar stefnumarkandi ákvarðanir hjá UMSB teknar á milli sambandsþinga. Tveir formannafundir voru haldnir á árinu, sá fyrri 22. maí í sal Grunnskólans í Borgarnesi og sá seinni 17. október í Lyngbrekku. Á seinni formannafund ársins var, auk formanna aðildarfélaga og deilda, starfsfólki aðildarfélaga og forstöðumanni íþróttamannvirkja einnig sent fundarboð. Voru öll sammála um að það væri jákvætt skref og er stefnt að því að því verði haldið áfram.

Fundargerðir allra formannafunda má finna á heimasíðu sambandsins.

76. íþróttaping ÍSÍ



Íþróttaping ÍSÍ fór fram að Ásvöllum í Hafnarfirði dagana 5. og 6. maí 2023.

Stærsta málið á íþróttapinginu var án efa tillaga um stofnun svæðisskrifstofa íþróttahéraða um landið allt í samstarfi við UMFÍ og stjórnvöld. Var tillagan samþykkt með miklum meirihluta og þeim fyrirvara að tillagan yrði einnig samþykkt á sambandsþingi UMFÍ og að stjórnvöld kæmu inn með fjármagn.



Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri UMSB og Guðrún Hildur Þórðardóttir, sambandsstjóri UMSB á íþróttapingi ÍSÍ að Ásvöllum. Sambandsstjóri fer með atkvæðisrétt og framkvæmdastjóri er áheyrnarfulltrúi fyrir hönd sambandsins.

Vorfundur UMFÍ

Vorfundur UMFÍ fór fram laugardaginn 13. maí 2023 í íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Vorfundur er óformlegur fundur sambandsaðila UMFÍ þar sem forsvarsfólk sambandsaðila, stjórn og starfsfólk UMFÍ koma saman. Engar kröfur eru gerðar til þess að fundurinn sé haldinn í lögum eða reglugerðum en hefð hefur skapast fyrir fundinum.

Á fundinum var farið yfir starfsemi UMFÍ og nýtt stjórnskipulag þjónustumiðstöðvarinnar. Einnig var farið yfir þá þjónustu sem sambandsaðilum stendur til boða og þá viðburði sem framundan voru.



Eftir kynninguna komu kennarar frá Háskólanum á Bifröst með erindi um áfallastjórnun og viðbrögð við áföllum.

Eftir hádegishlé var þátttakendum skipt upp í umræðuhópa þar sem umræður um nýjar starfsstöðvar íþróttahreyfingarinnar voru teknar fyrir.



Á viðburðum sem þessum gefst dýrmætt tækifæri til að hitta fólk úr hreyfingunni bæði í formlegu og óformlegu spjalli.

Að dagskrá lokinni fóru fundargestir saman í pílukast og áttu þar skemmtilega stund saman.

Fyrir hönd UMSB mættu Guðrún Hildur, sambandsstjóri og Bjarney, framkvæmdastjóri.

Ungt fólk og lýðræði

Þrjú ungmenni úr Borgarbyggð, þau Ernir Daði, Hrafnhildur Ósk og Marta Lukka, sóttu ráðstefnuna **Ungt fólk og lýðræði - Að jörðu skalt þú aftur verða** sem fram fór í september.



UMSB greiðir þátttökugjöld þátttakenda af sambandssvæðinu og vill með því stuðla að því að því að ungt fólk láti sig málin varða og mæti á þá viðburði sem í boði eru og hafi þannig bein áhrif á starfið sem þar fer fram.

Framkvæmdastjóri UMSB hafði samband við þrjú ungmenni eftir þingið og voru þau öll sammála um að þetta hefði verið ótrúlega skemmtilegt og ætla öll að fara aftur á næsta ári. Þau settu saman smá frétt um sína upplifun:

"Ráðstefnan Ungt Fólk og Lýðræði fór fram dagana 22. -24. september síðastliðinn á Reykjum í Hrutafirði. Yfirskrift ráðstefnunnar var "að jörðu skaltu aftur verða" sem vísar til umhverfis- og loftlagsmála. Ungmennaráð Borgarbyggðar lét sig ekki vanta á þennan viðburð og skemmtu sér konunglega á ráðstefnunni. Ernir Daði Arnberg Sigurðsson segir: "Þetta var geggjað gaman og ofboðslega lærdómsrík helgi, það var mjög mikil stemning í hópnum og allir náðu vel saman, toppurinn var samt klárlega sundlaugarpartýið sem var á laugardeginum, það var geggjað,,

Marta Lukka tekur undir þetta: „Þetta var bara mjög fróðlegt og maður lærði mjög mikið, þessi upplifun var bara geðveikt skemmtileg."

Hrafnhildur Ósk er heldur betur sammála þeim og segir: „Mér fannst mjög skemmtilegt og fannst gaman að kynnast svona mikið af nýju fólki."

Ungmennaráð Borgarbyggðar hlakkar til að fara á **Ungt fólk og lýðheilsa** á næsta ári og hvetja alla til þess að mæta.

Ungmennaráð Borgarbyggðar þakkar UMSB fyrir stuðninginn og láta þessa ferð verða að veruleika."

UMSB þakkar ykkur fyrir sömuleiðis og við hlökkum til að fylgjast með ykkur halda áfram að láta til ykkar taka í félagsmálum.

Be active – Íþróttavika Evrópu

Be active, íþróttavika Evrópu, er haldin vikuna 23. - 30. september ár hvert.

Margir áhugaverðir og skemmtilegir viðburðir voru í boði má þar nefna kennslu í frisbígolfi, eða folfi, þar sem kennarar frá Frisbígolffélagi Reykjavíkur komu og kenndu áhugasömum réttu handtökin. Kennsla fór fram bæði í Borgarnesi og á Hvanneyri og var þátttaka góð á báðum stöðum.

Hér má sjá Blæ Örn Ásgeirsson, sem er númer 1 hér á landi í folfi og eini atvinnumaður Íslands í íþróttinni, sýna rétta tækni og þátttakendur fylgjast áhugasamir með.



Þegar búið var að fara yfir grunnatriðin var farið út á hlaupabraut og forhönd, bakhönd og pútt æft.



Að lokum farið út á völl að æfa sig.



Folf er frábær íþrótt sem hentar ungum sem öldnum og öll fjölskyldan getur stundað saman.

Frisbígolfvöllir eru staðsettir í Borgarnesi og á Hvanneyri.

Þá var boðið upp á fræðslu um fyrstu viðbrögð við meiðslum og réttu handtökin í íþróttateippingum kennd. Sáu Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir og Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir sjúkraþjálfarar um það. Ágætis þátttaka og mikil ánægja var með þetta örnámskeið og er stefnan að bjóða upp á fleiri slík námskeið.



Arnar Hafsteinsson var með fyrirlestur um Sarcopenia, eða aldurstengda vöðvarýrnun, og var þar boðið upp á gripmælingu, sem getur gefið vísbendingu um hvort Sarcopenia sé byrjað að þróast. Virkilega áhugaverður og gagnlegur fyrirlestur.

Silja Úlfars, hlaupadrottning, endaði svo Be active vikuna fyrir okkur í ár eins og í fyrra. Virkilega góð mæting hjá yngri hópnum og nokkur sem voru að koma eftir að hafa mætt í fyrra. Og sögðu að þau væru sko alveg til í að gera þetta aftur!



Að öðru leyti var fólk hvatt til að nýta sér þau hreyfiúrræði sem nú þegar eru til staðar í þeirra nærumhverfi.

Íþróttavika Evrópu er virkilega mikilvægt verkefni og vonandi voru einhver sem nýttu vikuna til að finna hreyfingu sem hentar þeim eða sóttu fræðslu sem gagnast þeim.

Virkilega vel heppnuð vika og við hlökkum til að taka þátt í þessu frábæra verkefni að ári.


53. sambandsþing UMFÍ

53. sambandsþing og fjölmennasta þing í sögu UMFÍ var haldið dagana 20. - 22. október sl. á Hótel Geysi í Haukadal. Setningu þingsins sóttu 180 þingfulltrúar. Á þinginu eiga sæti eiga allir fulltrúar sambandsaðila UMFÍ, mismargir fulltrúar eftir stærð. Þingfulltrúar eru frá stjórnnum íþróttahéraða af öllu landinu.



UMSB átti fjóra þingfulltrúa, það voru þau Guðrún Hildur Þórðardóttir sambandsstjóri UMSB, Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir, Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir framkvæmdastjóri UMSB og Ernir Daði Arnberg Sigurðsson sem einnig situr í ungmenningaráði UMFÍ.

Þá átti UMSB einni fulltrúa í framboði til varastjórnar UMFÍ, Hallberu Eiríksdóttur, og hlaut hún kjör í annað sinn.



Segja má að tímamót hafi orðið á sambandsþinginu þegar tillaga um stofnun svæðisskrifstofa í samstarfi við ÍSÍ og stjórnvöld var samþykkt einróma. Standa vonir til að það komi til með að stórefla starf íþróttahéraðan um allt land. Nánar verður fjallað um svæðisskrifstofurnar hér á eftir.

Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ var haldinn 24. nóvember í Framheimilinu, Úlfarsárdal. Fundurinn er upplýsingafundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ og formanna og framkvæmdastjóra sársambanda, héraðssambanda og íþróttabandalaga. Mæting var nokkuð góð en um 100 formenn og framkvæmdastjórar sambandsaðila ÍSÍ mættu ásamt stjórn og starfsfólki ÍSÍ.

Fyrir fundinn var boðið upp á stuttar kynningar um mikilvæg málefni er tengjast íþróttum og íþróttastarfsemi og voru þær opnar öðrum fulltrúum sambandsaðila, óháð þátttöku á formannafundinum. Að þessu sinni var boðið upp á erindi um sjálfbær íþróttamannvirki, sálfærniþjálfun í íþróttum með aðferðafræði 5C og íþróttir og farsæld barna.

Tvö mál voru lögð fyrir fundinn sjálfan, svæðaskrifstofur ÍSÍ og UMFÍ og málefni afreksíþróttar. Í lokin voru svo umræða um önnur mál og framtíðarsýn ÍSÍ og spunnust góðar og gagnlegar umræður út frá því. Að fundi loknum var fundargestum boðið til kvöldverðar í boði ÍSÍ.

Sambandsstjóri og framkvæmdastjóri UMSB mættu á fundinn fyrir hönd sambandsins.

Aðrir viðburðir

Einnig voru aðrir viðburðir á árinu sem UMSB fólk lét sig ekki vanta á.


UMSB átti að vanda öflugna fulltrúa á **Landsmóti UMFÍ 50+**



Góð þátttaka var á **Unglingalandsmóti UMFÍ** sem haldið var á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina. UMSB niðurgreiddi þátttökugjöld sinna keppenda um helming auk þess sem öll fengu boli merktá UMSB og auglýsingu um unglingalandsmótið sem haldið verður í Borgarbyggð árið 2024. Mikil stemning var í hópnum og voru öll bæði sér og UMSB til mikilla sóma.



Þá mátti sjá UMSB fólki bregða fyrir í Drulluhlaupi Krónunnar og UMFÍ.



Auk þess voru ýmsar ráðstefnur sóttar, sem er mikilvægur hluti af starfi sambandsins. Þar gefst færi á að hitta annað fólk úr hreyfingunni, bera saman bækur sínar og afla nýrrar þekkingar. Þannig að það hefur verið nóg um að vera hjá UMSB á árinu sem vonandi kemur til með að skila sér til aðildarfélaganna með einum eða öðrum hætti.

Samstaða um eflingu íþróttastarfs á landinu

Með stuðningi stjórnvalda ætla ÍSÍ og UMFÍ að setja á laggirnar átta starfsstöðvar um allt land sem munu þjónusta öll 25 íþróttahéruð landsins. Einnig verður stofnaður svokallaður hvatasjóður sem hefur það markmið að jafna tækifæri allra barna til þátttöku í íþróttum. Sérstök áhersla verður lögð á fötluð börn og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Öflugt íþróttastarf er lykilþáttur í að stuðla að farsæl barna og eru áherslur starfsstöðvanna að mörgu leyti þær sömu og í nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Vonast er til að með tilkomu starfsstöðvanna verði hægt að þjónusta íþróttahéruðin með samræmdum hætti og geri þeim kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni með skilvirkari hætti.

Stofnaður var starfshópur með það að markmiði að móta starfsemi nýju svæðisskrifstofanna og var óskað var eftir tilnefningum frá öllum íþróttahéruðum varðandi fulltrúa fyrir þeirra hönd. Var Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri UMSB, tilnefnd fyrir hönd íþróttahéraðanna á Vesturlandi.

Hér má sjá mynd sem var tekin þegar tengiliðir allra íþróttahéraðanna, ásamt starfsfólki ÍSÍ og UMFÍ, komu saman til vinnufundar í Laugardalnum þann 19. janúar sl.



Undir svæðisskrifstofu Vesturlands verða, ásamt UMSB, ÍA, HSH og UDN. Síðastliðið ár hafa þessi fjögur íþróttahéruð markvisst eflt samstarfið og eru allar sammála um að það hafi breytt starfsumhverfinu til mikilla mun og aukið gæði starfsins hjá öllum samböndunum.

Hér má sjá þær Gunnhildi Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóra HSH, Jónhönnu Sigrúnu Árnadóttur, formann UDN, Guðmundu Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra ÍA og Bjarneyju, framkvæmdastjóra UMSB, þegar þær hittust á vinnufundi í höfuðstöðvum UMFÍ í nóvember sl.



Styrkúthlutanir

Lottóúthlutanir

Lottóúthlutanir fara fram tvisvar á ári, í febrúar og ágúst. Febrúargreiðslan er uppgjör síðari hluta undangengins árs.

Reglugerð um skiptingu á lottótekjum UMSB

1. Forsendur skiptingar á milli félaga

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa félög að skila lögboðnum skýrslum til ÍSÍ og UMFÍ. Síðasti skiladagur þeirra skýrslna er 15. apríl ár hvert.

2. Skipting Lottótekna

a) 5 % í Afreksmannasjóð UMSB

b) 45 % til UMSB

c) 50 % til aðildarfélaga UMSB

3. Skipting lottótekna skv. c-lið 1. greinar milli aðildarfélaga og deilda

a) 10 % jafnt á milli allra aðildarfélaga

b) 10 % eftir fjölda mættra fulltrúa á þing UMSB

c) 80 % eftir fjölda félaga.

4. Skerðingar

Sendi félag ekki fulltrúa á formannafund UMSB skerðir það úthlutunarfé þess félags um 25 % við næstu úthlutun en hefur ekki áhrif á úthlutanir eftir það. Skerðingar samkvæmt þessari grein renna til UMSB.

Lottótekjur aðildarfélaga UMSB fyrir árið 2023 eftir félagaskatt og annan frádrátt voru eftirfarandi:

Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar	86.970 kr
Golfklúbbur Borgarness	308.177 kr
Golfklúbburinn Glanni	169.378 kr
Hmf. Borgfirðingur	689.277 kr
Hjólreiðafélag Vesturlands	152.844 kr
Umf. Björn Hítðælakappi	161.558 kr
Umf. Dagrenning	157.648 kr
Umf. Íslendingur	538.096 kr
Umf. Reykdæla	282.644 kr
Umf. Skallagrímur	2.736.196 kr
Umf. Stafholtstungna	323.760 kr
Ungm. og íþr.félag Hvalfjarðarsveitar	71.137 kr
Samtals	5.677.686 kr

Starfsstyrkir

Starfsstyrkir eru alla jafna greiddir út einu sinni á ári, í september, en vegna fjármagns sem safnast hafði upp hjá sambandinu ákvað stjórn UMSB að hafa auka úthlutun starfsstyrks árið 2023, var sú úthlutun í nóvember.

Um starfsstyrki geta sótt félög og deildir þeirra sem sinna íþrótt- eða félagsstarfi innan UMSB eða hafa með höndum aðra sambærilega starfsemi. Megináherslan er á að styrkja starf með börnum og unglingum yngri en 16 ára og að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í viðum skilningi (sjá nánar um úthlutun starfsstyrkja frá Borgarbyggð á heimasíðu UMSB).

Starfsstyrkir árið 2023 skiptust með eftirfarandi hætti:

	Fyrri úthlutun	Seinni úthlutun	Samtals
Knattsp. Skallagríms	2.204.080 kr	3.038.512 kr	5.242.592 kr
UMF. Reykdæla	623.031 kr	816.602 kr	1.439.633 kr
Badmintond. Skallagríms	393.718 kr	519.234 kr	912.953 kr
Kkd. Skallagríms	2.510.301 kr	3.449.839 kr	5.960.141 kr
Hmf. Borgfirðingur	583.746 kr	741.665 kr	1.325.412 kr
UMF. Stafholtstungna	120.692 kr	142.452 kr	263.144 kr
Golfklúbbur Borgarness		946.860 kr	946.860 kr
Umf. Íslendingur		228.673 kr	228.673 kr
Frj.íþr.félag Borgarfjarðar	142.627 kr	173.258 kr	315.885 kr
Samtals	6.578.196 kr	10.057.096 kr	16.635.292 kr

Bókhaldsstyrkir

UMSB gerði samning við KPMG á sínum tíma um bókhaldsstyrk sem hljóðaði upp á 1.000.000 kr. Í samkomulaginu var kveðið á um að knattspyrnu- og körfuknattleiksdeild Skallagríms myndu skipta með sér 500 þúsund krónum og stjórn UMSB myndi úthluta 500 þúsund krónum til annarra aðildarfélaga. Ákveðið var að fara þá leið að aðildarfélög myndu sækja um bókhaldsstyrk og með umsókn skyldu fylgja reikningur fyrir bókhaldsþjónustu.

Þrjár umsóknir um bókhaldsstyrk bárust og hlutu allir umsækjendur styrk.

Golfklúbburinn Glanni hlaut styrk upp á 125 þúsund krónur.

Umf. Íslendingur hlaut styrk upp á 41.600 krónur

Umf. Reykdæla hlaut styrk upp á 83.300 krónur

Samningurinn við KPMG er ekki lengur í gildi og óvíst er með framhaldið.

Ferðastyrkir

Stjórn UMSB veitir, eftir efnum, styrki til einstaklinga og hópa til niðurgreiðslu ferðakostnaðar vegna æfinga og keppni ásamt því að veita styrki til ýmissa annarra verkefna sem samræmast stefnu UMSB.

Til að eiga rétt á að sækja um styrk þurfa umsækjendur að vera skráðir iðkendur innan aðildarfélaga UMSB eða eiga lögheimili á sambandssvæði UMSB.

Úthlutanir fara fram tvisvar á ári, fyrri umsóknarfrestur um ferðastyrki er 31. maí og sá seinni 1. desember.

Í fyrri úthlutun ársins bárust sjö umsóknir um ferðastyrki og hlutu sex umsækjendur styrk upp á 50.000 krónur hver, einni umsókn var hafnað þar sem búið var að veita styrk fyrir þeirri ferð áður.

Pau sem hlutu styrk í fyrri úthlutun voru:

Björgvin Þór Ívarsson hlaut styrk fyrir verkefni með u15 landsliði Íslands í körfuknattleik.

Eiríkur Frímann Jónsson hlaut styrk fyrir verkefni með u16 landsliði Íslands í körfuknattleik.

Jón Árni Gylfason hlaut styrk fyrir verkefni með u15 landsliði Íslands í körfuknattleik.

Sara Líf Sigurðardóttir hlaut styrk fyrir verkefni með u15 landsliði Íslands í körfuknattleik.

Sveinn Svavar Hallgrímsson hlaut styrk fyrir æfingaferð erlendis með meistaraflokki ÍA.

Sævar Alexander Pálmason hlaut styrk fyrir verkefni með u16 landsliði Íslands í körfuknattleik.

Í seinni úthlutun ársins barst ein umsókn og var hún samþykkt.

Jón Árni Gylfason hlaut styrk að upphæð 50.000 kr fyrir verkefni með íslensku úrvalsliði leikmanna 16 ára og yngri í körfuknattleik.

Afrekssjóður UMSB

Afrekssjóður UMSB var stofnaður á 86. sambandsþingi UMSB, þann 13. mars 2008 og var stofnframlagið styrkur frá Orkuveitu Reykjavíkur að upphæð 500.000 krónur. Tekjur sjóðsins er hlutfall af lottótekjum UMSB samkvæmt reglugerð, vaxtatekjur, og önnur framlög.

Heimilt er að úthluta 75% af tekjum sjóðsins á hverju ári. Umsóknnum í sjóðinn skal skila fyrir 1. mars en stjórn hefur heimild til að úthluta úr sjóðnum ef sérstaklega stendur á þess fyrir utan.

Stjórn sjóðsins er skipuð þeim Rósu Marinósdóttur, Írisi Grönfeldt og Páli Brynjarssyni og sá stjórn sjóðsins alfarið um yfirferð umsókna og úthlutun úr sjóðnum.

Sex umsóknir bárust í ár og voru allar samþykktar.

Voru 993.804 krónur til úthlutunar úr Afrekssjóðnum og lagði UMSB til 6.196 krónur að auki.


Eftirtalin hlutu styrk fyrir afrek sín á árinu 2023:

Bjarki Péturson	Golf	300.000 kr
Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir	Sund	150.000 kr
Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir	Frjálsar íþróttir	150.000 kr
Jón Árni Gylfason	Körfuknattleikur	50.000 kr
Kristín Þórhallsdóttir	Kraftlyftingar	300.000 kr
Valborg Elva Bragadóttir	Körfuknattleikur	50.000 kr
Samtals		1.000.000 kr



Hér má sjá afreksfólkið sem hlaut styrk úr afrekssjóðnum í fyrra, frá vinstri: Bjarki Pétursson, Sigríður Bjarnadóttir f.h. Bjarna Guðmanns, Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir, Helga Jensína Svavarsdóttir f.h. Guðrúnar Karítasar, Kristín Eir Hauksdóttir Holaker, Kristín Þórhallsdóttir og Kolbrún Freyja Þórarinsdóttir f.h. Victoriu Lindar.

Íþróttamanneskja Borgarfjarðar 2023



Kjör Íþróttamanneskju Borgarfjarðar 2023

Kjör íþróttamanneskju Borgarfjarðar fór fram þann 6. janúar 2024 í Hjálmakletti. Afar jafnt var á milli þeirra efstu í kjöri Íþróttamanneskju Borgarfjarðar, en einungis munaði 0,2 stigum á 1. og 2. sætinu. Fór það svo að Bjarki Pétursson hlaut nafnbótina Íþróttamanneskja Borgarfjarðar 2023. Er þetta í sjöunda sinn sem Bjarki hreppir titilinn en hann var kjörinn Íþróttamaður Borgarfjarðar í fyrsta sinn árið 2008. Hlaut Bjarki 9,6 stig í kjörinu.

Bjarki hefur á síðustu árum stigið fram sem einn af allra bestu kylfingum Íslands og var mjög nálægt því að fá keppnisrétt á sterkustu mótaröð Evrópu í golfi, og þeirri næst sterkustu í heimi. Bjarki er í landsliðshópi atvinnukylfinga á Íslandi og er einn sex kylfinga sem fá úthlutað úr „Forskoti afrekssjóði“. Bjarki er sem stendur númer 1673 á heimslista atvinnumanna í golfi, sem er hækkun um 232 sæti á milli ára sem er frábær árangur.

Á myndinni má sjá Fjólu Pétursdóttir, móður Bjarka, sem tók við verðlaununum fyrir hans hönd ásamt Guðrúnu Hildi Þórðardóttur, sambandsstjóra UMSB.



Í 2. sæti var **Kristín Þórhallsdóttir** sem kjörin var Íþróttamanneskja Borgarfjarðar síðastliðin tvö ár, fyrir kraftlyftingar. Kristín hlaut 9,4 stig.

Í 3. sæti var **Helgi Guðjónsson** fyrir knattspyrnu með 8 stig.

Í 4. sæti var **Bjarni Guðmann Jónsson** fyrir körfuknattleik með 7 stig.

Í 5. sæti var **Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir** fyrir frjálsar íþróttir með 5,4 stig.

Í 6. – 10. sæti voru, í stafrófsröð:

Brynjar Snær Pálsson fyrir knattspyrnu.

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir fyrir sund.

Heiður Karlsdóttir fyrir körfuknattleik.

Jósep Magnússon fyrir hlaup.

Kristín Eir Holaker fyrir hestaíþróttir.

UMSB var í samstarfi við Ölduna sem útbjó gjafapoka fyrir kjörið. Á myndinni má sjá þau sem verndu 10 efstu sætin (eða staðgengla þeirra) ásamt þremur starfsmönnum Öldunnar sem aðstoðuðu við að veita verðlaunin

Þökkum við þremenningunum og Öldunni kærlega fyrir afskaplega ánægjulegt samstarf.



Þá voru veittar voru viðurkenningar fyrir val í landslið á árinu 2023

Viðurkenningar fyrir A-landslið hlutu:

Anna Heiða Baldursdóttir (bridge)

Bjarki Pétursson (golf)

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir (sund)

Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir (frjálssar íþróttir)

Kristín Þórhallsdóttir (kraftlyftingar)

Þorgeir Ólafsson (hestaíþróttir)



Anna Heiða Baldursdóttir
Bridge



Bjarki Pétursson
Golf



Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir
Sund



Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir
Frjálssar íþróttir



Kristín Þórhallsdóttir
Kraftlyftingar



Þorgeir Ólafsson
Hestaíþróttir

Viðurkenningar fyrir val í yngri landslið hlutu:

Beníta Líf Palladóttir (klifur)

Björgvin Þór Ívarsson
(körfuknattleikur)

Eiríkur Frímann Jónsson
(körfuknattleikur)

Heiður Karlsdóttir
(körfuknattleikur)

Jón Árni Gylfason
(körfuknattleikur)

Sara Líf Sigurðardóttir
(körfuknattleikur)

Sævar Alexander Pálmason
(körfuknattleikur)



Beníta Líf Palladóttir
Klifur



Björgvin Þór Ívarsson
U15 landslið drengja
í körfuknattleik



Eiríkur Frímann Jónsson
U16 landslið drengja
í körfuknattleik



Heiður Karlsdóttir
U18 og U-20 landslið stúlkna
í körfuknattleik



Jón Árni Gylfason
U15 landslið drengja
í körfuknattleik



Sara Líf Sigurðardóttir
U15 landslið stúlkna
í körfuknattleik



Sævar Alexander Pálmason
U16 landslið drengja
í körfuknattleik



UMSB óskar öllu þessa frábæra íþróttafólki innilega til hamingju.

Samhliða kjöri Íþróttamanneskju Borgarfjarðar eru jafnframt veitt fleiri verðlaun, Maraðonbikarinn, Auðunsbikarinn og Hvatningarverðlaun UMSB.

Maraðonbikarinn

Maraðonbikarinn var gefinn af Bjarna Bjarnasyni og er veittur fyrir besta tímann í maraðonhlaupi á árinu. Hlaut Jósep Magnússon Maraðonbikarinn þriðja árið í röð.



Auðunsbikarinn

Auðunsbikarinn var afhentur í 29. sinn í ár en Auðunsbikarinn er veittur af Minningarsjóði Auðuns Hlíðkvist Kristmarssonar sem lést, 2. ágúst 1995, aðeins 14 ára gamall. Bikarinn er veittur 14 ára unglingi sem þykir efnilegur í íþrótt sinni, sýnir metnað í ástundun og framkomu og er góð fyrirmynd innan vallar sem utan.

Tilgangur viðurkenningarinnar er að minnast Auðuns Hlíðkvist og einnig að styðja við og hvetja áfram unga og efnilega íþróttamenn á svæðinu.

Valið var sérstaklega erfitt í ár en sex unglingar komu til greina og fór það að lokum svo að tvö ungmenni voru efst og jöfn, og var ákveðið að veita þeim báðum Auðunsbikarinn í ár. Það eru þau Kristín Eir Hauksdóttir Holaker, sem hefur náð framúrskarandi árangri í hestaíþróttum og Sindri Karl Sigurjónsson, sem hefur náð framúrskarandi árangri í hlaupum. Eru þau bæði í hópi efnilegustu unglinga landsins í sinni íþrótt, auk þess sem þau eru virkilega góðar fyrirmyndir á öðrum sviðum lífsins.

Á myndinni til vinstri má sjá Kristmar Ólafsson (lengst til vinstri), föður Auðuns heitins, ásamt Sindra Karli og Hauki, föður Kristínar Eirar sem stódd er erlendis. Á myndinni hægra megin er auk þeirra þriggja, Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir, móðir Auðuns.



Hér eru Íris og Kristmar , ásamt þeim Helgu Halldórsdóttur og Rósu Marínósdóttur, en þær, ásamt Bjarna Traustasyni, eru í valnefnd Minningarsjóðs Auðuns Hlíðkvist.

Hér fyrir neðan eru svo nokkrar svipmyndir frá kjörinu sem Gunnhildur Lind Hansdóttir tók, hún tók einnig allar myndir af verðlaunaafhendingunni og kunnum við henni bestu þakkir fyrir hennar störf.



Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar, flutti ávarp og minntist malarvallarins sem var staðsettur þar sem hann nú stóð.



Íris Grönfeldt sem varð sex sinnum Íþróttamanneskja Borgarfjarðar hélt stórskemmtilega ræðu sem blés öllum gestum byr í brjóst.

Eva Margrét Jónudóttir og Jón Sigurður Snorri Bergsson fluttu þrjú lög við góðar undirtektir og fengu gesti til að risa úr sætum og syngja með.



Að lokum vill stjórn UMSB senda bestu þakkir til körfuknattleiksdeildar Skallagríms sem sá um undirbúning, veitingar og frágang, og einnig öllum þeim sem lögðu leið sína í Hjálmaklett og tóku þátt í athöfninni.

Hvatningarverðlaun UMSB

Hvatningarverðlaun UMSB voru veitt í annað sinn en þau sem geta hlotið hvatningarverðlaun UMSB eru aðildarfélag, deild innan aðildarfélags eða einstaklingur innan aðildarfélags UMSB fyrir eftirtektarverð og framsækin verkefni sem skara framúr eða fyrir óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins.

Hvatningarverðlaun UMSB 2023 hlaut Rósa Marínósdóttir



Rósa hefur búið á Hvanneyri í Borgarfirði frá 1980 þegar hún fluttist þangað með fjölskyldu sinni. Rósa hefur alla tíð unnið gríðarlega mikið og óeigingjarnt sjálfbóðaliðastarf fyrir fjölda félaga í Borgarfirði, Ungmennafélagið Íslending, Ungmennafélagið Skallagrím, Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB), Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar, Ungmennafélag Íslands (UMFÍ), Frjálsíþróttasamband Íslands, Íbúasamtök Hvanneyrar og nágrennis og Kvenfélagið 19. júní.

Við komuna til Hvanneyrar varð Rósa strax virk í félagsstarfi Umf. Íslendinga og UMSB þar sem hún hefur alla tíð verið ötull sjálfbóðaliði. Þá tók hún mikinn þátt í starfsemi leikdeilda Umf. Íslendinga. Rósa hefur skipulagt og starfað á nær öllum frjálsíþróttamótum sem haldin hafa verið í héraðinu, innanfélagsmótum eða landsmótum, við dómgæslu, undirbúning o.fl.

Einnig hefur hún unnið sem sjálfbóðaliði á mótum UMFÍ um allt land, meðal annars á nánast öllum unglingalandsmótum, sem og öðrum mótum félagsins og Frjálsíþróttasambands Íslands. Þá hefur Rósa unnið mikið fyrir körfuknattleiksdeild Umf. Skallagríms, meðal annars starfað á nytjamarcaði sem félagið rekur í fjáröflunarskyni fyrir starf deildarinnar.

Árið 2018 var Rósa sæmd Gullmerki UMFÍ fyrir vel unnin störf í þágu íþróttastarfs UMSB. Það er samfélagi héraðsins gríðarlega mikilvægt að hafa slíka fyrirmynd sem Rósa er, hvort sem það er fyrir unga eða aldna. Hún nær til allra aldurshópa og er jafningi, en er jafnframt óhrædd við að taka að sér leiðtogahlutverkið þegar þess þarf. Það er ekki síður mikilvægt fyrir samfélag fólks í litlu þorpi svo sem á Hvanneyri að hafa einstakling eins og Rósu sem hefur sýnt að hún er óhrædd við að hvetja til góðra verka, drífa þau verkefni áfram sem ráðast þarf í og leiða þannig starf sem bætir líf og leik fyrir alla sem á svæðinu búa og dvelja. Þar hefur hún, eins og annars staðar, sýnt að hún vinnur jafnt gagnvart öllum hópum á öllum aldri.

Jafnframt sést af sjálfboðaliðastarfi Rósu hversu mikilvægu hlutverki hver einstaklingur gegnir í dreifðum byggðum, ekki hvað síst til að halda gangandi ýmiskonar íþrótt- og félagslífi fyrir ungt fólk, sem stuðlar þannig að vellíðan og lýðheilsu þess, sem og samfélagsins alls.



UMSB þakkar Rósu hennar ómetanlega framlag í gegnum tíðina, og við vitum að hún er hvergi nærri hætt, sem er afskaplega dýrmætt, sérstaklega núna í aðdraganda Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2024.

Viðurkenningar

STARFSMERKI UMFÍ

1971 Kristófer Þorgeirsson
1975 Bjarni Valtýr Guðjónsson
1975 Ingimundur Ingimundarsson
1975 Jón G. Guðbjörnsson
1977 Gunnlaugur Arnason
1978 Bjarni G. Sigurðsson
1978 Diðrik Jóhannsson
1980 Bjarni Skarphéðinsson
1980 Vigfús Pétursson
1982 Ófeigur Gestsson
1982 Helgi Bjarnason
1983 Gísli V. Halldórsson
1986 Þiðrik Baldvinsson
1989 Sigríður Þorvaldsdóttir
1989 Jón Þórisson
1993 Einar Ole Pedersen
1994 Þorvaldur Jónsson
1995 Guðmundur Sigurðsson
1997 Kristmar J. Ólafsson
1997 Jóna Björg Kristinsdóttir
1997 Ármann Bjarnason
1997 Steinunn Garðarsdóttir
1998 Einar Kristján Jónsson
1999 Rósa Marínósdóttir
2001 Ásdís Helga Bjarnadóttir
2002 Þórður B. Bachmann
2002 Guðjón Guðmundsson
2002 Kristín Gunnarsdóttir
2006 Torfi Jóhannesson
2008 Veronika Sigurvinsdóttir
2008 Álfheiður Marínósdóttir
2009 Jóhann Pálsson
2010 Sólrún Halla Bjarnadóttir
2011 Helgi Björn Ólafsson
2012 Eyjólfur Hjálmsen
2012 Agnes Guðmundsdóttir
2012 Friðrik Aspelund
2015 Stefán Logi Haraldsson
2016 Pálmi Ingólfsson
2017 Íris Grönfeldt
2018 Kristján Gíslason
2018 Flemming Jessen

STARFSMERKI UMFÍ

2019 Ásgeir Ásgeirsson
2019 Guðríður Ebba Pálsdóttir
2019 Hrönn Jónsdóttir
2020 Ingvi Arnasson
2020 Brynjólfur Guðmundsson
2021 Páll S. Brynjarsson
2021 Sigríður Bjarnadóttir
2022 Marteinn Valdimarsson
2023 Guðmundur Finnsson

GULLMERKI UMFÍ

1987 Jón G. Guðbjörnsson
1992 Þórir Jónsson
2001 Ingimundur Ingimundarson
2001 Magnús Jakobsson
2010 Ásdís Helga Bjarnadóttir
2011 Guðmundur Sigurðsson
2018 Rósa Marínósdóttir
2019 Guðmundur Þorsteinsson
2019 Hrönn Jónsdóttir
2020 Íris Grönfeldt
2021 Flemming Jessen
2021 Guðjón Guðmundsson
2023 Kristín Gunnarsdóttir
2023 Þorvaldur Jónsson

Viðurkenningar frh.

GULLMERKI UMSB

1977	Björk Ingimundardóttir
1982	Sigurður R. Guðmundsson
1982	Vilhjálmur Einarsson
1983	Vilhjálmur Einarsson
1988	Gisli Halldórsson
1990	Ingimundur Ingimundarson
1992	Bjarni Bjarnasson
1992	Björg Kristófersdóttir
1992	Geir Sævar Geirsson
1992	Guðmundur Sigurðsson
1992	Rósa Marínósdóttir
1992	Sigríður Þorvaldsdóttir
1992	Þuríður Jóhannesdóttir
1992	Þórir Jónsson
1993	Bjarni Valtýr Guðjónsson
1996	Ingunn Jóhannesdóttir
1998	Birgir Karlsson
1999	Einar Ole Pedersen
2002	Þorsteinn Viggósson
2002	Jófríður Hanna Sigfúsdóttir
2002	Íris Grönfeldt
2002	Karl Torfason
2004	Ásdís Helga Bjarnadóttir

SILFURMERKI ÍSÍ

2010	Íris Grönfeldt
------	----------------

GULLMERKI ÍSÍ

1982	Ófeigur Gestsson
2002	Einar B. Jónsson
2002	Albert Guðmundsson
2002	Sigríður Guðmundsdóttir
2002	Ingimundur Ingimundarson
2010	Rósa Marínósdóttir
2011	Guðmundur Sigurðsson
2020	Sigurður Guðmundsson
2020	Jón G. Guðbjörnsson
2021	Jakob Skúlason
2022	Sigríður G. Bjarnadóttir

Stjórn UMSB 1912 – 2024

SAMBANDSSTJÓRAR UMSB

Páll Zóphóníasson	Hvanneyri	1912-1913,1914-1915,1916,1917
Jón Hannesson	Deildartungu	1913-1914,1917-1918
Andrés Eyjólfsson	Síðumúla	1915-1916
Guðmundur Jónsson	Hvítárþakka	1918-1919
Kristinn Guðmundsson	Hvanneyri	1919-1920
Jóhannes Jónsson	Efranesi	1920-1921
Björn Guðmundsson	Eyri Flókadal	1921-1922
Kristján Guðmundsson	Indriðastöðum	1922-1923
Magnús Jakobsson	Snældubeinsstöðum	1923-1924
Jón Guðmundsson	Borgarnesi	1924-1926
Friðrik Þorvaldsson	Borgarnesi	1926-1934
Þorgils Guðmundsson	Reykholti	1934-1936
Þorsteinn Jósefsson	Signýjarstöðum	1936-1937
Friðrik Þórðarson	Borgarnesi	1937-1938
Halldór Sigurðsson	Borgarnesi	1938-1943
Þorgils Guðmundsson	Reykholti	1943-1944
Björn Jónsson	Deildartungu	1944-1947,1952-1954
Haukur Jörundarson	Hvanneyri	1947-1950
Snorri Þorsteinsson	Hvassafelli	1954-1958
Ragnar Olgeirsson	Oddsstöðum	1958-1962
Þorsteinn Sigurðsson	Brúarreykjum	1962-1964
Guðmundur Sigurðsson	Borgarnesi	1964-1967
Vilhjálmur Einarsson	Reykholti	1967-1973
Jón G Guðbjörnsson	Lindarhvoli	1973-1975
Hjörtur Þórarinnsson	Kleppjárnsreykjum	1975-1976
Ófeigur Gestsson	Hvanneyri	1976-1978,1980-1982
Eiríkur Jónsson	Kleppjárnsreykjum	1978-1979
Kristófer M Kristinsson	Reykholti	1979-1980
Þuríður Jóhannsdóttir	Jaðri	1982-1983
Þórir Jónsson	Reykholti	1983-1985
Kristján F Axelsson	Bakkakoti	1985-1986
Sigríður Þorvaldsdóttir	Hjarðarholti	1986-1989
Einar Ole Pedersen	Álftártungukoti	1989-1990,1991-1998
Ásmundur Ólafsson	Borgarnesi	1990-1991
Ásdís Helga Bjarnadóttir	Hvanneyri	1998-2002
Torfi Jóhannesson	Hvanneyri	2002-2006
Jóhanna Erla Jónsdóttir	Borgarnesi	2006-2008
Friðrik Aspelund	Hvanneyri	2008-2012
Sigurður Guðmundsson	Borgarnesi	2012-2016
Sólrún Halla Bjarnadóttir	Hvanneyri	2016-2018
María Júlía Jónsdóttir	Borgarnesi	2018-2019
Bragi Þór Svavarsson	Borgarnesi	2019-2021
Sonja Lind E. Eyglóard.	Borgarnesi	2021-2023
Guðrún H. Þórðardóttir	Furugrund	2023-

GJALDKERAR UMSB

Gunnlaugur Brím	Reykholti	1922-1923
Kristján Guðmundsson	Indriðastöðum	1923-1924
Páll J Blöndal	Stafholtsey	1924-1935
Ásmundur Jónsson	Deildartungu	1935-1944
Kristleifur Jónsson	Varmalæk	1944-1945
Bogi Þórðarson	Borgarnesi	1945-1947
Þorsteinn Helgason	Borgarnesi	1947-1949
Jón Einarsson	Borgarnesi	1949-1950
Þorsteinn Helgason	Borgarnesi	1950-1952
Jón Einarsson	Kletti	1952-1954
Sigurður Guðbrandsson	Borgarnesi	1954-1956
Bjarni Helgason	Laugalandi	1956-1961
Guðlaugur Torfason	Hvammi	1961-1964
Davíð Pétursson	Grund	1964-1966
Friðjón Árnason	Kistufelli	1966-1968
Óttar Geirsson	Hvanneyri	1968-1972
Ófeigur Gestsson	Hvanneyri	1972-1976
Eiríkur Jónsson	Kleppjárnsreykjum	1976-1978
Helgi Bjarnason	Borgarnesi	1978-1980
Pálmi Ingólfsson	Hálsum	1980-1982
Þorkell Fjeldsteð	Ferjukoti	1982-1985
Sigurborg Viggósdóttir	Rauðanesi	1985-1986
Guðrún Sigurjónsdóttir	Glitstöðum	1986-1988
Jónína Pálsdóttir	Borgarnesi	1988-1989
Finnur Ingólfsson	Borgarnesi	1989-1990
María Jóna Einarisdóttir	Borgarnesi	1990-1991
Jóna Björg Kristinsdóttir	Lindási	1991-1994
Kristín Finndís Jónsdóttir	Borgarnesi	1994-1996
Anna Steinssen	Borgarnesi	1996-1998
Hekla Gunnarsdóttir	Borgarnesi	1998-2000
Guðmundur Sigurðsson	Hvanneyri	2000-2006, 2007-2010
Bragi Axelsson	Bifröst	2006-2007
Elva Jónmundsdóttir	Arnþórsholti	2010-2012
Kristín Gunnarsdóttir	Lundi	2012-2015
Elva Pétursdóttir	Borgarnesi	2015-2018
Sigríður Bjarnadóttir	Borgarnesi	2018-2022
Sölvi G Gylfason	Borgarnesi	2022-2024

RITARAR UMSB

Ari Guðmundsson	Skálpastöðum	1922-1926
Leifur Ásgeirsson	Reykjum	1926-1928
Ingibjörg G Björnsson	Borgarnesi	1928-1929
Jón Sigurðsson	Skíðsholtun	1929-1933
Jónas Ólafsson	Stafholti	1933-1935
Daníel Kristjánsson	Hreðavatni	1935-1936
Ásmundur Jónsson	Borgarnesi	1936-1938
Gestur Kristjánsson	Hreðavatni	1938-1942
Ingimundur Ásgeirsson	Reykjum	1942-1945
Þórður Kristjánsson	Hreðavatni	1945-1947
Jón Þórisson	Reykholti	1947-1949
Magnús Sigurðsson	Gilsbakka	1949-1955
Sigmundur Einarsson	Kletti	1955-1956
Þorsteinn Pétursson	Miðfossum	1956-1957
Þórður Einarsson	Kletti	1957-1959
Bjarni Guðráðsson	Nesi	1959-1961
Guðmundur Þorsteinsson	Skálpastöðum	1961-1965
Jón F Hjartarson	Borgarnesi	1965-1967
Kristján Benediktsson	Víðigerði	1967-1969
Sigurður B Guðbrandsson	Borgarnesi	1969-1971
Jón G Guðbjörnsson	Lindarhvoli	1971-1973
Sigmundur Hermannsson	Andakílsárvirkjun	1973-1975
Erla Kristjánsdóttir	Stóru Skógum	1975-1977
Birgir Karlsson	Leirárskóla	1977-1979
Haukur Ingibergsson	Bifröst	1979-1981
Bjarni Guðmundsson	Hvanneyri	1981-1983
Þórólfur Sveinsson	Ferjubakka	1983-1985
Sigríður Þorvaldsdóttir	Hjarðarholti	1985-1986
Þórarinn Pálmi Jónsson	Borgarnesi	1986-1987
Gísli Einarsson	Ásbrún	1987-1989
Brynjólfur Guðmundsson	Hlöðutúni	1989-1991
Sigríður V Finnbogadóttir	Borgarnesi	1991-1993
Kristín Finndís Jónsdóttir	Borgarnesi	1993-1994
Ingimundur Ingimundarson	Borgarnesi	1994-1995
Valdimar K Sigurðsson	Borgarnesi	1995-1997
Þuríður Jóhannsdóttir	Borgarnesi	1997-2001
Harpa Kristjánsdóttir	Hrafnabjörgum	2001-2002
Helga Karlsdóttir	Borgarnesi	2002-2005
Guðríður Ebba Pálsdóttir	Borgarnesi	2005-2010
María Hlín Eggertsdóttir	Lækjarmel	2010-2013
Þórhildur María Kristinsdóttir	Reykholtisdal	2013-2015
Sólrún Halla Bjarnadóttir	Hvanneyri	2015-2016
Þórkatla Þórarinsdóttir	Borgarnesi	2016-2017
Kristín Gunnarsdóttir	Lundi	2017-2019
Bjarni Þór Traustason	Borgarnesi	2019-2021
Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir	Borgarnesi	2021-

MEÐSTJÓRNENDUR UMSB

Jón Hannesson	Deildartungu	1912-1913
Andrés Eyjólfsson	Síðumúla	1912-1914
Bjarni Ásgeirsson	Knarrarnesi	1913-1915
Jón Hannesson	Deildartungu	1914-1916
Páll Zóphóníasson	Hvanneyri	1915-1916
Guðmundur Jónsson	Hvítarbakka	1916-1917
Sigurður Sigurðsson		1916-1917
Páll Zóphóníasson	Hvanneyri	1917-1920
Jón Hannesson	Deildartungu	1918-1919
Vígfús Guðmundsson	Borgarnesi	1919-1920
Kristinn Guðmundsson	Hvanneyri	1920-1921
Steingrímur Steinþórsson	Hvanneyri	1920-1921
Sigurður Snorrason	Laxfossi	1921-1922
Magnús Jakobsson	Varmalæk	1921-1922
Jón Þórisson	Reykholti	1944-1947
Guðmundur Eggertsson	Litlakroppi	1944-1945
Arinbjörn Magnússon	Borgarnesi	1945-1947
Björn Jónsson	Deildartungu	1947-1950
Ellert Finnbogason	Hvanneyri	1947-1950
Stefán Halldórsson	Borgarnesi	1950-1952
Þórður Kristjánsson	Hreðavatni	1950-1958
Hörður Jóhannesson	Borgarnesi	1952-1953
Snorri Þorsteinsson	Hvassafelli	1953-1954
Haraldur Sigujónsson	Hvanneyri	1954-1956
Sigurður B Guðbrandsson	Borgarnesi	1956-1958
Geir Björnsson	Borgarnesi	1958-1962
Sveinbjörn Beinteinsson	Draghálsi	1958-1961
Bjarni Helgason	Laugalandi	1961-1967
Georg Hermannsson	Borgarnesi	1962-1964
Friðjón Sveinbjörnsson	Borgarnesi	1964-1966
Sigurður R Guðmundsson	Leirá	1966-1974
Sveinn Jóhannesson	Flóðatanga	1967-1971
Gísli V Halldórsson	Borgarnesi	1971-1973
Guðmundur Þ Brynjúlfsson	Borgarnesi	1973-1975
Klemenzt Halldórsson	Dýrastöðum	1975-1979
Ingibjörg Daníelsdóttir	Fróðastöðum	1979-1981
Pétur Diðriksson	Helgavatni	1981-1982
Birgir Guðmundsson	Borgarnesi	1982-1984
Finnbogi Leifsson	Hítardal	1984-1986
Einar Ole Pedersen	Álftártungukoti	1986-1988
Hallgrímur Jónsson	Gröf	1988-1989
Gísli Sverrisson	Hvanneyri	1989-1991
Einar K Jónsson	Saurbæ	1991-1992
Guðrún Sigurjónsdóttir	Glitstöðum	1992-1993
Ásdís Helga Bjarnadóttir	Hvanneyri	1993-1996
Erla Gunnlaugsdóttir	Laugalandi	1996-2001

MEÐSTJÓRNENDUR UMSB

Sigmar Gunnarsson	Rauðanesi	2001-2009
Veronika Sigurvinsdóttir	Borgarnesi	2009-2011
Aðalsteinn Símónarson	Borgarnesi	2011-2015
Þórhildur María Kristinsdóttir	Reykholtsdal	2015-2017
Anna Dís Þórarinsdóttir	Reykholtsdal	2017-2019
Rakel Guðjónsdóttir	Síðumúlaveggjum	2019-2023
Elisabeth M. Egilsdóttir	Borgarnesi	2023-2024

VARASAMBANDSSTJÓRAR UMSB

Gísli V Halldórsson	Borgarnesi	1974-1978
Jón Gíslason	Lundi	1978-1979
Bjarni Guðmundsson	Hvanneyri	1979-1980
Helgi Bjarnason	Borgarnesi	1980-1982
Pétur Diðriksson	Helgavatni	1982-1983
Þuríður Jóhannsdóttir	Jaðri	1983-1985
Hallfreður Vilhjálmsson	Kambshóli	1985-1987
Björn Júlíusson	Hvanneyri	1987-1988
Einar Ole Pedersen	Álftartungukoti	1988-1989
Þorvaldur Jónsson	Reykholti	1989-1990
Guðrún Sigurjónsdóttir	Glitstöðum	1990-1992
Einar K Jónsson	Saurbæ	1992-1996
Þorsteinn Viggósson	Borgarnesi	1996-2000
Björn Bjarki Þorsteinsson	Borgarnesi	2000-2002
Þórhildur Þorsteinsdóttir	Brekku	2002-2003
Axel Vatnsdal	Borgarnesi	2003-2004
Júlíus Jónsson	Borgarnesi	2004-2005
Torfi Jóhannesson	Hvanneyri	2006-2007
Friðrik Aspelund	Hvanneyri	2007-2008
Berglind Long	Hvanneyri	2008-2009
Rósa Marínósdóttir	Hvanneyri	2009-2012
Ásgeir Ásgeirsson	Stafholtstungum	2012-2015
Guðrún Þórðardóttir	Furugrund	2015-2023
Ólafur Daði Birgisson	Bakkakoti	2023-2024

Íþróttamanneskja Borgarfjarðar 1980 – 2023

1980	Jón Diðriksson	Frjálsar íþróttir
1981	Einar Vilhjálmsson	Frjálsar íþróttir
1982	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1983	Einar Vilhjálmsson	Frjálsar íþróttir
1984	Einar Vilhjálmsson	Frjálsar íþróttir
1985	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1986	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1987	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1988	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1989	Margrét Brynjólfsdóttir	Frjálsar íþróttir
1990	Bergþór Ólafsson	Frjálsar íþróttir
1991	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1992	Ingi Valur Þorgeirsson	Lyftingar
1993	Ingi Valur Þorgeirsson	Lyftingar
1994	Sigmar H. Gunnarsson	Frjálsar íþróttir
1995	Sigmar H. Gunnarsson	Frjálsar íþróttir
1996	Sigmar H. Gunnarsson	Frjálsar íþróttir
1997	Halldóra Jónasdóttir	Frjálsar íþróttir
1998	Einar Trausti Sveinsson	Frjálsar íþróttir
1999	Kristín Þórhallsdóttir	Frjálsar íþróttir
2000	Einar Trausti Sveinsson	Frjálsar íþróttir
2001	Gauti Jóhannesson	Frjálsar íþróttir
2002	Sigurkarl Gústafsson	Frjálsar íþróttir
2003	Sigurkarl Gústafsson	Frjálsar íþróttir
2004	Gauti Jóhannesson	Frjálsar íþróttir
2005	Gauti Jóhannesson	Frjálsar íþróttir
2006	Tinna Kristín Finnbogadóttir	Skák
2007	Sigurður Þórarinnsson	Körfubolti
2008	Bjarki Pétursson	Golf
2009	Trausti Eiríksson	Körfubolti
2010	Bjarki Pétursson	Golf
2011	Bjarki Pétursson	Golf
2012	Bjarki Pétursson	Golf

Íþróttamanneskja Borgarfjarðar 1980 – 2023 frh.

2013	Konráð valur Sveinsson	Hestaíþróttir
2014	Helgi Guðjónsson	Knattspyrna /karfa og frjálsar
2015	Helgi Guðjónsson	Knattspyrna
2016	Sigrún Sjöfn Ámundadóttir	Körfuknattleikur
2017	Máni Hilmarsson	Hestaíþróttir
2018	Bjarni Guðmann Jónsson	Körfuknattleikur
2019	Bjarki Pétursson	Golf
2020	Bjarki Pétursson	Golf
2021	Kristín Þórhallsdóttir	Kraftlyftingar
2022	Kristín Þórhallsdóttir	Kraftlyftingar
2023	Bjarki Pétursson	Golf



Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar

I. Kafli: Um sambandið

1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Borgarfjarðar, skammstafað UMSB. Starfssvæði þess er Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Heimili sambandsins og varnarþing er í Borgarnesi.

2. grein

Merki sambandsins er blár skjöldur með hvíttri umgjörð. Á skildi þessum er skammstöfun sambandsins, UMSB, ásamt fjaðurpenna og laxi.

3. grein

Tilgangur UMSB er að efla samhug og samvinnu íþrótta- og ungmennafélaganna á sambandssvæðinu og stuðla að fjölbreyttu íþrótta- og félagsmálastarfi þeirra í samræmi við lög UMFÍ og ÍSÍ. Ennfremur að vera sameiginlegur málsvari félaganna út á við.

4. grein

Sambandið skal á hverjum tíma starfa eftir stefnu sem mörkuð skal af sambandsþingi.

5. grein

Rétt til aðildar að sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra og starfsemi í samræmi við lög UMSB, UMFÍ og ÍSÍ.

6. grein

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu sendar til stjórnar þess ásamt eintaki af lögum viðkomandi félags, upplýsingum um stjórn og félagskrá. Félagið telst fullgildur aðili að sambandinu við samþykki stjórnar, þó með fyrirvara um staðfestingu sambandsþings og ÍSÍ.

7. grein

Ósk um úrsögn úr sambandinu skal tilkynna skriflega til sambandsstjórnar enda hafi úrsögnin verið samþykkt á lögmætum aðalfundi félagsins. Úrsögnin tekur gildi þegar stjórn hefur samþykkt hana en þó skal staðfesta hana á næsta sambandsþingi.

Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags skal eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

II. Kafli: Um aðildarfélög

8. grein

Hafi félag ekki skilað starfsskýrslum í tvö ár samfelld má stjórn UMSB gera tillögu til sambandsþings um að færa félagið á lista yfir óvirk aðildarfélög. Sé félag á lista yfir óvirk félög missir það allan rétt til greiðslna frá sambandinu og skal ekki tekið með við útreikning á slíkum greiðslum.

Óvirku félagi ber ekki skylda til að greiða gjöld til sambandsins.

9. grein

Árlega skal hvert aðildarfélag standa UMSB skil á árgjaldi af hverjum gjaldskyldum félaga í samræmi við ákvörðun sambandsþings. Eindagi gjaldanna er 15. júlí. Eftir eindaga er heimilt að skuldajafna gjaldið við inneign viðkomandi félags hjá UMSB.

10. grein

Við hver áramót skulu stjórnir sambandsfélaganna semja skýrslu um hag sinn og starfsemi, samkvæmt fyrirmælum UMFÍ og ÍSÍ. Skýrslu þessari skal skila eigi síðar en 15. febrúar.

III. Kafli: Um sambandsþing

11. grein

Sambandsþing UMSB er æðsta vald í málefnum UMSB og skal haldið árlega, eigi síðar en 15. mars. Þó er stjórn heimilt, að fengnu samþykki formannafundar, að fresta þingi ef sérstakar ástæður liggja fyrir.

Sambandsstjórn ákveður þingstað og boðar til þings. Er það lögmætt sé það boðað með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð, dagskrá og tillögur um breytingar á lögum sambandsins skal senda aðildarfélögum eigi síðar en 14 dögum fyrir þing.

Tillögur að lagabreytingum skulu sendar stjórn eigi síðar en þremur vikum fyrir þing.

Sambandsstjóri skal enn fremur boða til aukabings telji hann þess þörf eða ef tveir þriðju sambandsaðila bera fram ósk um slíkt.

12. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á sambandsþing. Fulltrúafjöldinn miðast við einn fulltrúa á hverja byrjaða 100 skattskylda félaga við undangengin áramót að 1000 félögum en einn fulltrúa fyrir hverja 200 félaga þar fyrir ofan. Formenn aðildarfélaganna (eða staðgenglar þeirra) eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna félaga.

Atkvæðisrétt á sambandsþing hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum atkvæðagreiðslna nema um lagabreytingu sé að ræða.

13. grein

Dagskrá sambandsþings:

Setning

Kosning þingforseta og ritara

Kosning kjörbréfanefndar

Skýrsla stjórnar og reikningar

Álit kjörbréfanefndar

Kosning starfsnefnda þingsins

Inntaka nýrra aðildafélaga

Umræður um skýrslu stjórnar

Ávörp gesta

Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga

Þinghlé – nefndir starfa

Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu

Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu

Kosning stjórnar

Kosning á íþróttaping ÍSÍ

Önnur mál

Þinggerð - þingslit

IV. Kafli: Um stjórn

14. grein

Stjórn sambandsins skipa fimm menn: Sambandsstjóri, varasambandsstjóri, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi.

Sambandsstjóri skal kjörinn til eins árs í senn en kjörtímabil annarra stjórnarmanna skal vera tvö ár. Þannig skulu annað árið kjörnir varasambandsstjóri og gjaldkeri og varamenn þeirra en hitt árið ritari og meðstjórnandi og varamenn þeirra.

Gefi stjórnarmaður, sem sitja skyldi áfram eftir lögum þessum, kost á sér í starf sambandsstjóra eða annað starf innan stjórnar er heimilt að kjósa hann til þess og þá annan mann í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Ennfremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara. Reikningsár skal vera almanaksárið.

15. grein

Sambandsstjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Skal boða alla stjórnarmenn eða varamenn í þeirra stað geti aðalmenn ekki mætt. Stjórn sambandsins hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála aðildarfélaga sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarkana sem lög og þingsamþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé er sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun. Kaup og sala á fasteignum sambandsins er bundin samþykktum sambandsþings.

16. grein

Stjórn sambandsins skal boða formenn allra aðildarfélaga og deilda þeirra til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda þegar ástæða þykir til. Skylt er formönnum að senda fulltrúa í sinn stað geti þeir ekki mætt.

Atkvæðisrétt á formannafundum hafa stjórn sambandsins og fulltrúar félaga en nefndarmenn aðeins ef um sérmálefni þeirra er að ræða. Aldrei fer þó einn og sami maður með nema eitt atkvæði.

17. grein

Rísi ágreiningur um lög eða reglur sambandsins úrskurðar stjórnin um það en þeirri niðurstöðu má skjóta til næsta sambandsþings.

V. Kafi: Önnur ákvæði

18. grein

Til breytingar á lögum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða mættra fulltrúa á lögmætu sambandsþingi.

19. grein

Ef sambandið leysist upp eða hættir störfum skulu allar eignir þess renna í sjóð sem verði í vörslu UMFÍ en þó ávaxtaður í fjármálastofnun. Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða en ráðstafa má 2/3 ársávöxtunar til íþrótt- og æskulýðsstarfs á sambandssvæði UMSB. Verði nýtt samband stofnað sem stefnir að sömu markmiðum og UMSB á sambandssvæðinu skulu eignir UMSB renna til þess.

20. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru með þeim úr gildi numin öll eldri lög sambandsins.

